



Kópavogsbær

Dígranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 19. október 2021
2110076/610.00 AKG

Efni: Funalind 2, Leikfélagið Sf. Umsögn um tímabundið áfengisleyfi.

Með bréfi dags. 4. október sl. óskaði Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu eftir umsögn Kópavogsbæjar um umsókn Leikfélagsins sf., kt. 580821-1620, um tímabundið áfengisleyfi vegna leiksýningar þann 27. október 2021, frá kl. 19:00 til kl. 23:00, í Leikhúsinu að Funalind 2, Kópavogi, skv. 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 30. gr. rgl. nr. 1277/2016.

Samkvæmt 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 staðfestir sveitarstjórn sem umsagnaraðili að staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um. Um afgreiðslutíma áfengis vísast til lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ nr. 675/2015. Staðsetning staðar er á svæði sem er skilgreint verslun og þjónusta skv. aðalskipulagi.

Staðsetning er í samræmi við gildandi skipulag og afgreiðslutími er í samræmi við ákvæði 2. mgr. 25. gr. lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ nr. 675/2015.

Undirrituð mælir með að veitt verði jákvæð umsögn.

Virðingarfyllst,

Anna Kristín G.

f.h. lögfræðideildar Kópavogs
Anna Kristín Guðmundsdóttir
lögfræðingur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026